



Afkoma þriðja ársfjórðungs 2025

Íslandsbanki hf.

HELSTU ATRIÐI Í AFKOMU ÍSLANDSBANKA 3F25

Helstu atriði í fjárhagslegri afkomu þriðja ársfjórðungs 2025 (3F25)

- Hagnaður af rekstri nam 6,9 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2025 (3F24: 7,3 milljarðar króna). Arðsemi eigin fjár var 12,2% á ársgrundvelli (3F24: 13,2%). Arðsemi eigin fjár var 12,9% á ársgrundvelli þegar leiðrétt er áhrifum varúðarfærslu vegna dómsmála.
- Hreinar vaxtatekjur námu 13,3 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2025 og hækkuðu um 1.483 milljónir króna á 3F25 samanborið við 3F24.
- Vaxtamunur var 3,1% á þriðja ársfjórðungi 2025, samanborið við 2,9% á 3F24. Þegar leiðrétt er fyrir áhrifum varúðarfærslu vegna dómsmála var vaxtamunur 3,2% á 3F25.
- Hreinar þóknanatekjur á þriðja ársfjórðungi 2025 voru sambærilegar við þóknanatekjur á þriðja ársfjórðungi 2024 og námu samtals 3,2 milljörðum króna á 3F25.
- Hrein fjármagnsgjöld voru 353 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi 2025, samanborið við fjármagnstekjur að fjárhæð 228 milljónir króna á 3F24.
- Aðrar rekstrartekjur námu 115 milljónum króna á þriðja ársfjórðungi 2025, samanborið við 357 milljónir króna á 3F24.
- Stjórnunarkostnaður nam 6,5 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2025, en nam 6,4 milljörðum króna á 3F24.
- Kostnaðarhlutfall bankans var 38,2% á þriðja ársfjórðungi 2025 og undanskilur 550 milljónir króna innan vaxtaliðar sem varúðarfærslu vegna dómsmála. Kostnaðarhlutfallið var 40,4% á 3F24.
- Virðisbreyting fjáreigna var jákvæð um 7 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi 2025 samanborið við jákvæða virðisbreytingu sem nam 860 milljónum króna á 3F24. Áhættukostnaður útlána (e. cost of risk) var 0 punktar á ársgrundvelli á þriðja ársfjórðungi 2025 samanborið við -27 punkta á 3F24.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 2 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi 2025 frá öðrum ársfjórðungi 2025 og voru 1.333 milljarðar króna í lok þriðja ársfjórðungs 2025.
- Innlán frá viðskiptavinum jukust um 4,4% milli loka annars og þriðja ársfjórðungs 2025 og námu 1.009 milljörðum króna í lok 3F25.
- Eigið fé nam 227,0 milljörðum króna í lok þriðja ársfjórðungs 2025, samanborið við 227,4 milljarða króna í lok árs 2024.
- Eiginfjárlutfall var 21,9% í lok þriðja ársfjórðungs 2025 að meðtöldum hagnaði á 3F25, samanborið við 23,2% í lok árs 2024. Samsvarandi eiginfjárlutfall almenns þáttar 1 (CET1) var 18,9% að meðtöldum hagnaði 3F25, samanborið við 20,1% í árslok 2024. Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1 var 370 punktum yfir kröfum eftirlitsaðila í lok þriðja ársfjórðungs 2025, og hærra en fjárhagslegt markmið bankans sem er að vera með 100-300 punkta eiginfjár svigrúm umfram kröfur eftirlitsaðila.
- Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) er 19,6% af áhættugrunni, til viðbótar við samlagða kröfu um eiginfjárauka. Í lok þriðja ársfjórðungs 2025 var MREL hlutfall bankans 36,8%, 740 punktum yfir kröfum eftirlitsaðila. Ný skilaáætlun fyrir Íslandsbanka var samþykkt 17. október og þar með uppfært MREL fyrir bankann sem 18,8% af áhættugrunni, til viðbótar við samlagða kröfu um eiginfjárauka. Eftir samþykkt skilaáætlunarinnar er MREL hlutfall bankans 37,1% (að meðtöldum hagnaði 3F25), 850 punktum yfir kröfum eftirlitsaðila.

Helstu atriði í fjárhagslegri afkomu Íslandsbanka á fyrstu níu mánuðum ársins 2025 (9M25)

- Hagnaður af rekstri bankans á fyrstu níu mánuðum ársins 2025 nam 19,3 milljörðum króna (9M24: 18,0 milljarðar króna). Arðsemi eigin fjár á 9M25 var 11,5% á ársgrundvelli (9M24: 10,9%). Bankinn leiðbeinir í þá átt að arðsemi verði um 11% fyrir 2025 í heild, að því gefnu að virðisrýrnun hefðbundnari í gegnum hagsveifluna.
- Hreinar vaxtatekjur á fyrstu níu mánuðum 2025 námu 40,1 milljarði króna, sem er aukning um 10,1% milli 2024 og 2025.
- Hreinar þóknanatekjur námu 9,9 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2025 og jukust um 4,2% samanborið við fyrstu níu mánuði ársins 2024 þegar þær námu 9,5 milljörðum króna.



- Hrein fjármagnsgjöld voru 1.326 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2025, samanborið við fjármagnsgjöld að fjárhæð 507 milljónir króna á sama tímabili í fyrra.
- Stjórnunarkostnaður var 21,1 milljarður króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2025, en var 20,5 milljarður króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2024, þegar frá er talin 470 milljón króna stjórnvaldssekt sem gjaldfærð var á öðrum ársfjórðungi 2024.
- Kostnaðarhlutfall bankans lækkaði úr 43,3% á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 í 42,1% á fyrstu níu mánuðum ársins 2025. Kostnaðarhlutfall á 9M24 undanskilur gjaldfærslu stjórnvaldssektar að fjárhæð 470 milljónir króna sem gjaldfærð var á 2F24 og hlutfallið fyrir 9M25 undanskilur varúðarfærslu innan vaxtaliðar að fjárhæð 550 milljónir króna vegna dómsmála.
- Virðisbreyting á fjáreignum var jákvæð um sem nam 406 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2025 samanborið við jákvæða virðisbreytingu sem nam 293 milljónum króna fyrir 9M24.

Lykiltölur

		3F25	2F25	1F25	4F24	3F24
REKSTUR	Hagnaður tímabils, m.kr.	6.901	7.192	5.209	6.283	7.280
	Arðsemi eigin fjár	12,2%	13,0%	9,4%	11,2%	13,2%
	Vaxtamunur (af heildareignum)	3,1%	3,3%	3,2%	2,7%	2,9%
	Kostnaðarhlutfall ¹	38,2%	41,0%	47,6%	45,7%	40,4%
	Áhættukostnaður útlána ²	0,00%	(0,12%)	0,00%	(0,11%)	(0,27%)
		30.9.25	30.6.25	31.3.25	31.12.24	30.9.24
EFNAHAGUR	Útlán til viðskiptavina, m.kr.	1.333.234	1.331.288	1.298.849	1.295.388	1.274.094
	Eignir samtals, m.kr.	1.734.056	1.696.034	1.667.429	1.607.807	1.622.458
	Áhættuvegnað eignir, m.kr.	1.084.527	1.084.492	1.061.903	1.040.972	1.021.243
	Innlán frá viðskiptavinum, m.kr.	1.008.919	966.075	936.779	926.846	927.011
	Útlán til viðskiptavina / innlán frá viðskiptavinum	132%	138%	139%	140%	137%
	Hlutfall lána með laskað lánshæfi ³	1,6%	1,6%	1,8%	1,6%	1,6%
LAUSAFÉ	Fjármögnunarhlutfall (NSFR), allir gjaldmiðlar	129%	125%	128%	125%	126%
	Lausafjárþekjuhlutfall (LCR), allir gjaldmiðlar	207%	185%	202%	168%	223%
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, m.kr.	226.974	224.725	217.894	227.355	223.388
	Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1 ^{4,5}	18,9%	18,5%	18,6%	20,1%	20,2%
	Eiginfjárlutfall þáttar 1 ^{4,5}	19,8%	19,4%	19,5%	21,0%	21,2%
	Eiginfjárlutfall ^{4,5}	21,9%	21,5%	21,6%	23,2%	23,4%
	Vogunarlutfall ⁵	11,9%	12,0%	12,1%	13,2%	13,0%
	MREL hlutfall ⁶	36,8%	36,7%	37,8%	33,4%	35,6%

1. Kostnaðarhlutfall á þriðja ársfjórðungi undanskilur 550 milljón króna varúðarfærslu vegna dómsmála á meðal hreinna vaxtatekna.

2. Neikvæður áhættukostnaður merkir að það hafi verið nettó tekjufærsla úr virðisrýrnunarsjóði.

3. Stig 3, útlán til viðskiptavina, vergt bókfært virði.

4. Á fyrsta ársfjórðungi 2025 veitti Seðlabanki Íslands bankanum leyfi til að endurkaupa á eigin hlutum og lækka hlutafé bankans, því eru eiginfjárlutföll 31. mars 2025 og 30. júní 2025 lægri heldur en í lok árs 2024.

5. Að meðtöldum 3F25 hagnaði fyrir 30.9.25.

6. MREL hlutfallið er birt að meðtöldu almennu eiginfé þáttar 1 sem er haldið til að mæta samanlagðri kröfu um eiginfjárlauka.

Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka

Rekstur Íslandsbanka á þriðja ársfjórðungi 2025 var með ágætum og má rekja sterka afkomu bankans til góðs árangurs þvert á viðskiptaeiningar. Hagnaður af rekstri bankans nam 6,9 milljörðum króna sem er yfir spám greinenda fyrir fjórðunginn. Vaxtamunur var 3,1% á fjórðungnum. Arðsemi eigin fjár á fjórðungnum var 12,2% á ársgrundvelli og kostnaðarhlutfallið var 38,2% á fjórðungnum.

Síðustu vikur hafa verið viðburðaríkar í rekstri bankans. Tilkynning um samrunaviðræður Íslandsbanka og Skaga hf. er fyrsta skrefið í spennandi vegferð og er í takt við það sem bankinn hefur sagt undanfarin misseri um ytri vöxt. Við sjáum mikil tækifæri í samruna félaganna tveggja og ljóst er að samlegðin er talsverð. Tækifæri til samþættingar innan íslenska fjármálakerfisins eru fjölmörg og teljum við að samruni Íslandsbanka og Skaga geti skapað veruleg verðmæti fyrir sameinað félag, viðskiptavinum þess og aðra hagsmunaaðila. Þá hefur samstarf bankans við VÍS (dótturfélag Skaga) gengið afar vel og mikil ánægja meðal viðskiptavina og starfsfólks með samstarfið.

Í október kvað Hæstiréttur Íslands upp dóm í máli um breytilega vexti á óverðtryggnu fasteignaláni. Hæstiréttur ógilti skilmála bankans um vaxtabreytingar að hluta. Unnið er að því að greina til fulls áhrif dómsins og mun bankinn hafa frumkvæði að því að hafa samband við viðskiptavinum þegar niðurstöður

liggja fyrir. Á sama tíma og við fögnum því að óvissunni um þetta atriði hafi verið eytt bíða fleiri mál er varða aðra viðskiptabanka og önnur afbrigði útlána málflutnings í Hæstarétti. Mikilvægt er að úrlausn fáið í þessu mál hið fyrsta svo óvissu verði eytt og vöruframboð til frambúðar skýrist. Bankinn hefur kynnt tímabundnar breytingar á vöruframboði sínu. Þá hefur ríkisstjórnin tilkynnt að í samráði við Seðlabanka Íslands verði hafin birting vaxtaviðmiðs eins fljótt og auðið er. Bankinn mun fylgjast náið með tíðindum af slíkri vinnu.

Við náðum góðum árangri á þriðja ársfjórðungi, bæði í þjónustu við viðskiptavinum okkar en ekki síður í uppbyggingu trausts innviða og í þróun lausna sem styðja viðskiptavinum okkar í þeirra verkefnum. „Fjölskyldan saman“ er nýjung í appinu sem gefur foreldrum góða yfirsýn yfir fjármál barna sinna og auðveldar setningu sparnaðarmarkmiða og eftirfylgni. Nýjungar í appi Íslandsbanka undanfarin misseri mælast vel fyrir og eru vinsælar enda sjáum við að einkunn appsins hefur hækkað eftir innleiðingar þeirra. Fjármögnun bankans, ásamt nokkrum lífeyrissjóðum, á byggingu nýrrar Ölfusársbrúar er þýðingarmikið innviðaverkefni fyrir samfélagið á mikilvægum vegkafla þjóðvegarins. Íslandsbanki fagnar því að taka þátt í að leggja inn á uppsafnaða innviðaskuld og er í sterkri stöðu til að koma að fleiri verkefnum á því sviði. Ergo er á mikilli siglingu og nýrri vöru, sem auðveldar fjármögnun á notuðum bílum óháð aldri þeirra, hefur verið afar vel tekið. Íslandsbanki nýtur hæsta meðmælaskors (NPS) meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja á landinu. Við leggjum mikið upp úr persónulegu sambandi við fyrirtæki í viðskiptum og erum stolt af þeim góða árangri sem náðst hefur um allt land.

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka heldur áfram að vera stærsti góðgerðarviðburður landsins og í ár var enn eitt metið slegið í áheitasöfnun þegar meira en 327 milljónir króna söfnuðust. Þessi viðburður er einn sá gleðilegasti á árinu í starfsemi bankans þar sem þúsundir koma saman og styrkja góðgerðarfélög og samtök um land allt.

Íslandsbanki er í öfundsverðri stöðu. Bankinn býr enn yfir miklu magni af umfram eigin fé og mun fyrirhugaður samruni við Skaga síst hafa neikvæð áhrif á umfram eigið fé. Innleiðing CRR3 tilskipunarinnar mun einnig hafa jákvæð áhrif. Bankinn hyggst meðal annars nýta þessa góðu stöðu til að sækja fram í erlendum lánveitingum. Mikil vinna hefur farið í að greina þá markaði og hefur stefna verið mörkuð um hvert skuli sækja þegar kemur að erlendum lánveitingum. Þar skiptir miklu máli að velja samstarfsaðila vel og taka þátt í verkefnum þar sem Íslandsbanki þekkir vel til atvinnugeirans eða verkefnanna sem unnið er að. Endurkaup á eigin hlutum eru einnig mikilvægur þáttur í ráðstöfun umfram eigin fjár og hefur bankinn verið virkur á þeim vettvangi mestan hluta 2025.

Við horfum með eftirvæntingu fram á veginn og fögnum þeim tækifærum sem við fáum til að efla viðskiptavinum okkar, hvort sem það er með þátttöku bankans í mikilvægum verkefnum þeirra, með fjármálafræðslu við mikilvæg tímamót í lífi þeirra eða með nýjum og endurbættum lausnum sem einfalda okkur að veita áfram framúrskarandi þjónustu.

Helstu atriði úr rekstri á þriðja ársfjórðungi 2025 (3F25)

- Þann 4. júlí 2025 tilkynnti Íslandsbanki að stjórn bankans hefði ítrekað áhuga sinn á að hefja samrunaviðræður við Kviku með erindi til stjórnar Kviku banka hf. Stjórn Kviku hafnaði þeirri tillögu bankans þann 6. júlí, líkt og tilkynnt var á markaði þann sama dag.
- Tilkynnt var um gerð kaupréttarsamninga við starfsfólk bankans í samræmi við samþykktu kaupréttaráætlun þann 6. ágúst 2025. Samkvæmt áætluninni nær kauprétturinn til alls fastráðins starfsfólks Íslandsbanka, að undanskildu starfsfólki innri endurskoðunar. Markmið áætlunarinnar að tengja betur saman langtímahagsmuni starfsfólks og bankans. Samkvæmt áætluninni öðlast hver kaupréttarhafi rétt til að kaupa hlut í Íslandsbanka fyrir allt að 1.500.000 krónur einu sinni á ári í fimm ár, eftir birtingu sex mánaða uppgjors bankans árin 2026, 2027 og 2028, 2029 og 2030, samtals fyrir allt að 7.500.000 krónur. Kaupverð hlutanna samkvæmt samningunum er 126,4 krónur á hvern hlut. Alls gerðu 743 starfsmenn kaupréttarsamninga sem ná til allt að 8.817.181 hlutar á ári miðað við 100% nýtingu kaupréttanna.
- Þann 20. ágúst 2025 tilkynnti Seðlabanki Íslands að stýrivextir yrðu óbreyttir í 7,50%. Íslandsbanki gerði engar breytingar á vöxtum á þriðja ársfjórðungi 2025.
- Í lok þriðja ársfjórðungs átti bankinn 44.455.092 milljónir eigin hluti. Bankinn var virkur í kaupum á eigin hlutum á þriðja ársfjórðungi 2025 og keypti alls um 37,5 milljónir hluta fyrir um 4,7 milljarða króna. Áform um bestun á samsetningu eiginfjár standa enn og hefur Íslandsbanki greint frá því að hann kunni að líta til vaxtartækifæri og/eða úthlutunar eigin fjár til að ná markmiðum sínum.
- Greining Íslandsbanka birti þjóðhagsspá fyrir árin 2025-2027 í september. Spáin er aðgengileg [hér](#).

- Nýtt met var slegið í áheitasöfnun samhliða Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka í ágúst þegar meira en 327 milljónir króna söfnuðust. 171 góðgerðafélag og samtök njóta góðs af söfnunarhluta Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka í ár, sem heldur áfram að vera stærsti góðgerðarviðburður hér á landi ár hvert

Atriði úr rekstri eftir að ársfjórðungi lauk

- Íslandsbanki tilkynnti 6. október 2025 að bankinn hefði hafið samrunaviðræður við Skaga hf. Í viðræðum um sameiningu félaganna er lagt til grundvallar að starfsemi Skaga verði sameinuð Íslandsbanka og hluthafar Skaga eignist 323.859.440 nýja hluti í Íslandsbanka sem jafngildir um 15% hlut í sameinuðu félagi.
- Seðlabanki Íslands tilkynnti þann 8. október 2025 að stýrivextir héldust óbreyttir í 7,50%
- Hæstiréttur Íslands kvað upp dóm þann 14. október 2025 í máli nr. 55/2024 sem höfðað var gegn bankanum af tveimur lántakendum vegna óverðtryggðs fasteignaláns með breytilega vexti. Hæstiréttur sýknaði bankann af öllum fjárkröfum en ógilti að hluta skilmála bankans um vaxtabreytingar í umræddu láni að því leyti sem þar er vísað til annarra þátta en stýrivaxta Seðlabanka Íslands. Samkvæmt frummati bankans á fjárhagslegum áhrifum framangreinds dóms Hæstaréttar var gert ráð fyrir að þau væru innan við 1 milljarður króna, fyrir skatta. Bankinn færði varúðarfærslu að fjárhæð 550 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi undir vaxtatekjum vegna hugsanlegra krafna viðskiptavina. Þrátt fyrir að dómur Hæstaréttar hafi varðar óverðtryggt fasteignalán með breytilegum vöxtum er ekki hægt að útiloka að dómurinn, eða niðurstaða annarra mála er varða túlkun vaxtaákvæða annarra lánveitenda, geti haft fordæmisgildi um túlkun á verðtryggðum lánum og öðrum neytendalánum. Besta mat bankans, á þessum tímapunkti, er að hugsanleg áhrif óhagstæðrar niðurstöðu sem hefði áhrif á verðtryggð húsnæðislán bankans væru á bilinu 2-5 milljarðar króna, fyrir skatt, með því að gera ráð fyrir lægstu markaðsvöxtum birtum af Seðlabanka Íslands og fjögurra ára fyrningarfresti.
- Íslandsbanki hefur haldið endurkaupum á eigin bréfum áfram eftir lok þriðja ársfjórðungs 2025. Í lok dags 29. október átti bankinn 58.442.056 og hafði keypt 13.986.964 eigin hluti frá lokum þriðja ársfjórðungs 2025 og greitt fyrir þá hluti rúmlega 1,7 milljarð króna.
- Skilavald Seðlabanka Íslands (skilavaldið) samþykkti þann 17. október 2025 skilaáætlun fyrir Íslandsbanka og þar með ákvörðun um hæfar skuldbindingar (MREL), sem uppfylla þar með hliðsjón af áhættugrunni (e. TREA – total risk exposure amount) og heildarmælistærð áhættuskuldbindinga (e. TEM – total exposure measure). Samkvæmt ákvörðun skilavaldsins er MREL-TREA bankans 18,8% og MREL-TEM bankans 6%. Undirskipaður hluti MREL bankans jafngildir 13,5% af áhættugrunni en bankinn hefur til 4. október 2027 til að mæta kröfunni um undirskipun. Ákvörðunin tekur gildi frá dagsetningu tilkynningarinnar. Bankinn telst nú þegar uppfylla MREL.
- Íslandsbanki hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogar Félags kvenna í atvinnulífinu sjöunda árið í röð. Viðurkenningin er til marks um góðan árangur á sviði jafnréttismála og staðfesting á virkni og áhrifum jafnréttisstefnu Íslandsbanka

Afkomuefni

Ítarlegri upplýsingar um rekstur og afkomu Íslandsbanka má finna í enskri útgáfu fréttatilkynningarinnar. Íslenska útgáfan veitir aðeins yfirlit yfir helstu þætti uppgjorsins, fjárfestafund og fjárhagsdagatal. Sé misræmi á milli tilkynninga á íslensku annars vegar og ensku hins vegar, gildir enska útgáfan.

Fyrirvari

Fréttatilkynning þessi gæti vísað til spár um framtíðarhorfur sem er háð áhættu- og óvissupáttum og getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari fréttatilkynningu. Íslandsbanki hf. hefur ekki skyldu til að, og mun ekki, uppfæra þessar spár um framtíðarhorfur félagsins til að endurspegla atburði og aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfu þessarar fréttatilkynningar. Það er á ábyrgð fjárfestis að reiða sig ekki á spár um framtíðarhorfur sem eru settar fram í þessari fréttatilkynningu þar sem þær eiga eingöngu við á þeim tíma sem hún er gefin út. Spár um framtíðarhorfur gefa ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur og eru allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins fullgildar í heild sinni með tilliti til þessa fyrirvara.

FJÁRFESTATENGSL

Afkomufundur í vefstreymi föstudaginn 31. október 2025

Íslandsbanki mun halda afkomufund í vefstreymi föstudaginn 31. október 2025 kl. 8.30 fyrir fjárfesta og markaðsaðila. Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri og Ellert Hlöðversson, fjármálastjóri munu kynna afkomu og helstu atriði í rekstri bankans á þriðja ársfjórðungi 2025. Fundurinn fer fram á ensku.

Fundurinn verður aðgengilegur í gegnum hlekk á vefsvæði [fjárfestatengsla](#) á vef bankans. Upptaka verður aðgengileg á sama stað að honum loknum. Þátttaka, og möguleikinn á að senda inn skriflegar spurningar, fer fram á [þessari síðu](#). Markaðsaðilar geta einnig hringt inn á fundinn og lagt fram spurningar munnlega með því að skrá sig á [þessari síðu](#). Að skráningu lokinni verður símanúmer og auðkenni fyrir fundinn afhent. Allar upplýsingar um fundinn má finna [hér](#).

Nánari upplýsingar veita fjárfestatengsl Íslandsbanka: ir@islandsbanki.is.

Fjárhagsdagatal

Stefnt er birtingu árshluta- og ársuppgjörs á eftirfarandi dagsetningum:

Árshlutauppgjör fjórða ársfjórðungs 2025/ársuppgjör 2025 – 12. febrúar 2026

Árshlutauppgjör fyrsta ársfjórðungs 2026 – 7. maí 2026

Árshlutauppgjör annars ársfjórðungs 2026 – 29. júlí 2026

Árshlutauppgjör þriðja ársfjórðungs 2026 – 29. október 2026

Frekari upplýsingar um fjárhagsdagatal Íslandsbanka eru aðgengilegar á [vef bankans](#). Dagsetningar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Fjárfestaefni

Allt fjárfestaefni verður birt á [vefsvæði fjárfestatengsla](#) þar sem upplýsingar um fjárhagsdagatal og þögul tímabil eru einnig aðgengilegar.